

## Minnisblað

**Dagsetning:** 20.12.2024

**Viðtakandi:** Guðný Vala Þorsteinsdóttir, Náttúrufræðistofnun

**Sendandi:** Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Náttúrustofu Norðausturlands

**Efni:** Vöktun náttúruverndarsvæða 2024 – fuglar; mófuglar í Jökulsárgljúfrum, kríuvarp á Melrakkaslétu, skúmur í Austursandi, mó- og vatnafuglar á Melrakkaslétu, vaðfuglar á fartíma á Melrakkaslétu og strandfuglar utan varptíma á Tjörnesi.

Sumarið 2024 endurtók Náttúrustofan vöktun á mófuglum í Jökulsárgljúfrum innan Vatnajökuls-þjóðgarðs frá 2021 (1. tafla og 1. mynd). Vöktun mófugla, vatnafugla og vaðfugla á fartíma á Melrakkaslétu var framkvæmd þriðja árið í röð og vöktun strandfugla utan varptíma á Tjörnesi var endurtekin frá 2023. Sumarið 2023 taldi Náttúrustofan og kortlagði útbreiðslu skúms í Austursandi við Öxarfjörð en það verkefni var hins vegar ekki á áætlun fyrir en sumarið 2024 og er því ásamt ofantöldum verkefnum gerð skil í þessu minnisblaði.

**1. tafla.** Fuglavöktunarverkefni Náttúrustofu Norðausturlands sem falla undir verkefnið vöktun náttúruverndarsvæða

| Verkefni                              | Vaktað 2024 | Tíðni vöktunar | Athugasemd                               |
|---------------------------------------|-------------|----------------|------------------------------------------|
| Flórgoði við Ástjörn                  |             | Árleg í 3 ár   | Hófst 2020, lauk 2022 - ferðamannastaðir |
| Mófuglar við Dettifossveg             |             | 3.hvert ár     | Hófst 2020 - ferðamannastaðir            |
| Mófuglar í Jökulsárgljúfrum           | x           | 3. hvert ár    | Hófst 2021 - ferðamannastaðir            |
| Mófuglar á Melrakkaslétu              | x           | Árleg          | Hófst 2020 – Tvö IPA snið                |
| Vatnafuglar á Melrakkaslétu           | x           | Árleg          | Hófst 2022                               |
| Vaðfuglar á fartíma á Melrakkaslétu   | x           | Árleg          | Hófst 2022                               |
| Kríuvörp á Melrakkaslétu              | *           | Í biðstöðu     | Hófst 2022 kortlagning, mælingar 2023    |
| Strandfuglar utan varptíma á Tjörnesi | x           | Árleg          | Hófst 2023                               |
| Útbreiðsla skúms í Austursandi        | **          | Eitt skipti    | Framkvæmt 2023, ári fyrir en áætlað var  |

\* Frestað fram á sumar 2025

\*\* Framkvæmt sumarið 2023 en gerð skil hér

### Framkvæmd 2024

Í byrjun júní gekk langvinnt norðanhret yfir Norðurland með óvenjumiklum snjó, einkum inn til landsins og var júnímánuður fremur kaldur norðaustanlands<sup>1</sup>. Veðrið hafði áhrif á talningar vaðfugla á Melrakkaslétu og seinka þurfti talningum mófugla í Jökulsárgljúfrum vegna snjóa. Líklegt er að veðrið hafi einnig haft áhrif á niðurstöður fuglatalninga, einkum mófuglatalninga.


#### Kríuvarp á Melrakkaslétu

Ekki fékkst leyfi allra landeigenda á Melrakkaslétu fyrir vöktun kríuvarpa 2023 og ekki fyrirsjáanlegt að sú afstaða breytist á næstu árum. Því reyndist nauðsynlegt að endurskoða þennan vöktunarlið. Ákveðið var að færa vöktun á kríuvarpi yfir í Flatey á Skjálfanda sumarið 2024. Eins og gert var á Melrakkaslétu 2022 var stefnt á að hefja vöktunina með því að kortleggja útlínur varpsins. En svo kom hretið í júní sem hafði slæm áhrif m.a. á kríuvarp víða á Norðurlandi og ekki þótti æskilegt að hefja vöktun í ári þegar kríuvarp misfærast eða væri í algjöru lágmarki. Það var því engin vöktun í kríuvarpi sumarið 2024. Stefnt er að vöktun hefjist í Flatey sumarið 2025.

<sup>1</sup> Veðurstofa Íslands 2024. Sótt 21. nóvember 2024 af <https://www.vedur.is/um-vi/fretti/tidarfar-i-juni-2024>

### Mófuglar í Jökulsárgljúfrum

Við mat á þéttleika mófugla var notast við punktmælingar með Distance aðferð. Talið var á 11 sniðum sem liggja frá vestri til austurs með 600 m millibili. Á hverju sniði voru punktar með 300 m millibili og var alls talið á 113 talningapunktum (1. mynd). Talningar fóru fram 18. og 20. júní og fóru þær fram á milli kl. 8 og 17 líkt og sumarið 2021. Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Hafrún Gunnarsdóttir, Rán Þórarinsdóttir, Snæþór Aðalsteinsson og Viktor Freyr Aðalsteinsson sáu um talningar.



**1. mynd.** Fuglavöktunarsvæði Náttúrustofu Norðausturlands 2024 sem tilheyra verkefninu vöktun náttúruverndarsvæða.

### Skúmur í Austursandi

Skúmur var talinn og varpútbreiðsla hans kortlögð í Austursandi við Öxarfjörð sumarið 2023. Gengið var skipulega um svæðið, stakir fuglar og þör talin, staðsetning þeirra hnitsett og atferli skráð. Fuglum var skipt í þrjá flokka í samræmi við aðferðir við fyrri kortlagningu á skúmi í Austursandi sem fram fór 2009<sup>2</sup>. Flokkarnir eru; (1) Varppar – skúmur (einn eða tveir) sem steypa sér ítrekað að athugendum af miklu harðfylgi – mikill hraði og koma nálægt. (2) Geldpar – skúmar (einn eða tveir) sem fljúga gaggandi yfir og renna sér í mesta lagi 2-3 sinnum án þess að koma nálægt og setjast svo aftur í nágrenninu, fljúga stöku sinnum burt. (3) Geldfuglar – fuglar sem sýna enga varplega hegðun en eru staddir í varpinu. Talningar fóru fram 9. og 13. júní 2023 og að þeim komu Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Ib Krag Petersen, Jacob Sterup, Rán Þórarinsdóttir, Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, Snæþór Aðalsteinsson, Viktor Freyr Aðalsteinsson og Yann Kolbeinsson. Einnig voru með í för Susanne Kühn og Job ten Horn.

<sup>2</sup> Þorkell Lindberg Þórarinsson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Böðvar Þórisson, Guðmundur A. Guðmundsson, Halldór Walter Stefánsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Yann Kolbeinsson 2013. Fuglar á Austursandi við Öxarfjörð. Bliki 32: 59-66 – júní 2013.

### Mófuglar á Melrakkaslétu

Talið var á tveimur IPA mófuglasniðum á Melrakkaslétu (1. mynd). Annað var talið 11. júní og hitt 14. júní. Notast var við punktmælingar með Distance aðferð. Pedro Rodrigues sá um talningar.

### Vatnafuglar á Melrakkaslétu

Vatnafuglar voru taldir tvisvar sinnum, að vori og á fellitíma að hausti. Talið var á 16 svæðum líkt og 2023 (14 árið 2022) en innan hvers svæðis eru nokkur vötn og tjarnir, alls 48 (1. mynd og 2. tafla). Vortalningar fóru fram 24. og 31. maí. Talning á fellitíma (ungatalning) fór fram 6. -7. ágúst. Pedro Rodrigues sá um talningar.

### 2. tafla. Staðsetning vatna sem talin voru í talningum vatnafugla á Melrakkaslétu 2024.

| Svæði            | Vötn                                                                                                      |
|------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Núpasveit        | Klapparós, Núpsvatn, Presthólalón, Brekkutjörn, Snartastaðalækur                                          |
| Kópasker         | Kotatjörn, Klifatjörn                                                                                     |
| Leirhöfn         | Leirhafnarvatn, Skálatjörn, Seltjarnir, Kollstjarnir                                                      |
| Grjótnesvegur    | Brunavatn, Hrauntjarnir, Hávarðsvatn, Kílnestjarnir, Vogstjörn, Búrtjörn, Stekkshæðartjörn, Englandstjörn |
| Grjótnes         | Kríutjarnir                                                                                               |
| Núpskatla        | Kötluvatn                                                                                                 |
| Oddsstaðir       | Skerjalón, Langatjörn, Örfarartjörn, Suðurvratn, Fremravatn                                               |
| Sigurðarstaðir   | Sigurðarstaðavatn                                                                                         |
| Blikalón         | Blikalón, Brúsatjörn                                                                                      |
| Ríf              | Arnarvatn, Efra-Stangarvatn                                                                               |
| Skinnaalón       | Illkelduvatn, Hestvatn, Æðarvötn, Ólafsvatn, Skinnaalón, Hörgur                                           |
| Hraunhafnartangi | Hraunhafnarvatn, Kaplatjörn                                                                               |
| Harðbakur        | Harðbaksvatn                                                                                              |
| Ásmundarstaðir   | Hringlón, Ásmundarstaðavatn, Ásmundarstaðaey, Eggversvatn                                                 |
| Höskuldarnes     | Heimatjörn, Nesvatn, Svarðmýrtjörn                                                                        |
| Raufarhöfn       | Kottjörn                                                                                                  |

### Vaðfuglar Melrakkaslétu á fartíma


Vaðfuglar á fartíma voru taldir á 6 svæðum á Melrakkaslétu líkt og síðustu tvö sumur. Svæðin ná frá Raufarhöfn og vestur fyrir Hraunhafnartanga (1. mynd og 3. tafla). Talið var alls 23 sinnum, að jafnaði með 3 daga millibili, á tímabilinu 20. apríl – 29. júní. Talningatímabilið var lengt frá því sem var 2023 og hófst 12 dögum fyrr svo hægt væri að ná inn fyrstu komum farfugla. Við þessa lengingu bættust við fjórar talningar. Ekki var hægt að telja 4. júní vegna mikillar veðurhæðar og úrkomu og færa þurfti síðustu talningu aftur um einn dag vegna mikillar úrkomu. Pedro Rodrigues sá um talningar.

### 3. tafla. Talningarsvæði vaðfugla á fartíma á Melrakkaslétu 2024. Talningartímabilum skipt eftir árum.

| Svæði                                                                       | Tímabil 2024         | Tímabil 2023      | Tímabil 2022      |
|-----------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------|-------------------|
| Hestatóftavík, Harðbaksvík, Ásmundarstaðavík, Neslón, Gegnisvík, Raufarhöfn | 20. apríl – 29. júní | 2. maí – 28. júní | 11. maí – 7. júní |

### Strandfuglar utan varptíma á Tjörnesi

Strandfuglar voru taldir á Tjörnesi síðla vetrar líkt og 2023. Talið var frá ósum Laxár í Aðaldal að Húsavík, á svæði í kringum Eyvík og frá Hallbjarnarstaðaá að Knarrarbrekkutanga en talningasvæðinu er skipt nánar upp í 8 svæði (1. – 2. mynd). Fór talningin fram dagana 27. – 28. febrúar og 5. mars 2024. Talningarmenn voru Snæpór Aðalsteinsson og Yann Kolbeinsson. Eldri talningar á straumöndum eru til frá hluta svæðisins frá 1999 og 2014 (4. tafla).



2. mynd. Talningasvæði strandfugla utan varptíma á Tjörnesi.

**4. tafla.** Svæði sem talin voru í strandfuglatalningum utan varptíma á Tjörnesi 1999-2024. Talin svæði eru merkt með x.

| Svæði                             | 1999* | 2014* | 2023 | 2024 |
|-----------------------------------|-------|-------|------|------|
| Ærvík- Saltvík                    | x     |       | x    | x    |
| Gvendarbás                        |       |       |      | x    |
| Kaldbaksnef - Húsavík             | x     |       | x    | x    |
| Höfðagerðissandur - Lynghöfði     | x     | x     | x    | x    |
| Hallbjarnarstaðaá - Sandhólastöng | x     | x     | x    | x    |
| Breiðavík                         |       |       | x    | x    |
| Málhöfði - Beitarnef              |       |       |      | x    |
| Beitarnef - Knarrarbrekkutangi    | x     |       | x    | x    |

\* Eingöngu straumönd talin

## Úrvinnsla

Niðurstöður fuglavöktunar voru settar inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar. Staðsetning talningasvæða, varpútbreiðsla skúms og afmörkun talningasvæða fyrir strandfugla var sett inn í landupplýsingakerfið QGIS en þau gögn má nálgast hjá Náttúrustofu Norðausturlands.